SLEIK – peysa eftir Ýrúrarí

HANDVERK OG HÖNNUN
CRAFTS AND DESIGN

ÁRSSKÝRSLA

HANDVERKS OG HÖNNUNAR

2018

Efnisyfirlit

Inngangur ____ 3
Markmið ____ 3
Stjórn og starfsmenn ____ 3
Rekstur ____ 4
Flutningur í nýtt húsnæði ____ 4
Fundir ____ 6
Stjórnarfundir ____ 6
Ráðgjafafundir ____ 6
Þjónusta ____ 6
Fréttabréf ____ 6
Ráðgjöf og fyrirlestrar ____ 7
Þjónusta við gerð kynningarefnis ____ 7
Sýningar ____ 8
Sýningarrými á Eiðistorgi ____ 8
Þemasýningar ____ 9
FUGLAR ____ 9
ENDALAUST ____ 10
ShiftED ____ 12
Verkefni ____ 14
AWARD OF EXCELLENCE 2018 ____ 14
Kynning í Ráðhúsi Reykjavíkur ____ 16
Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur 22.- 26. nóv. 2018 ____ 16
Skúlaverðlaunin 2018 ____ 19
Vefur HANDVERKS OG HÖNNUNAR 2018 ____ 20
Erlent samstarf ____ 21
HANDVERK OG HÖNNUN í tölum 2018 ____ 22
Lokaorð ____ 23
Fylgiskjal 1 ____ 24
Niðurstöður viðhorfskönnunar ____ 24
Fylgiskjal 2 ____ 32
Samantekt – helstu verkefni 2000-2018 ____ 32

Inngangur

Markmið

Markmið HANDVERKS OG HÖNNUNAR sjálfseignarstofnunar sem voru samþykkt á stofnfundi í Ráðhúsi Reykjavíkur í janúar 2007 eru eftirfarandi:

- *Að stuðla að eflingu handverks, hönnunar og listiðnaðar og auka gæðavitund á þessu sviði.*
- *Að auka skilning almennt á menningarlegu, listrænu og hagnýtu gildi handverks, hönnunar og listiðnaðar með fjölbreyttri kynningarstarfsemi.*
- *Að koma til móts við þarfir þessara greina fyrir þjónustu, ráðgjöf og upplýsingar.*
- *Að halda áfram uppbyggingu gagnagrunns á þessu sviði.*
- *Að vera sameiginlegur vettvangur þeirra sem starfa að handverki, hönnun og listiðnaði.*

Eitt af markmiðunum er að stuðla að eflingu handverks, hönnunar og listiðnaðar og auka gæðavitund á þessu sviði.

Stjórn og starfsmenn

Í stjórn HANDVERKS OG HÖNNUNAR eru: Birta Flókadóttir formaður, Signý Ormarsdóttir, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og Vilmundur Jósefsson meðstjórnendur. Varamenn eru Árni Snæbjörnsson og Þórey S. Jónsdóttir. Halla Bogadóttir hætti í stjórn HANDVERKS OG HÖNNUNAR í ársbyrjun 2015.

Ekki hefur verið skipaður nýr aðili í stjórn þar sem framtíð verkefnisins hefur verið mjög óljós.

Fastir starfsmenn eru Sunneva Hafsteinsdóttir, framkvæmdastjóri og Fjóla Guðmundsdóttir, sérfræðingur. Þær eru báðar í 100% starfi. Um færslu á bókhaldi sér Margrét Helga Ólafsdóttir bókari og Þorvaldur Þorvaldsson löggiltur endurskoðandi sér um endurskoðun.

Rekstur

Stjórn HANDVERKS OG HÖNNUNAR gerði ráð fyrir að gengið yrði til nýrra samninga við HANDVERK OG HÖNNUN vegna 2018-2020 og að viðunandi viðbótarfjármunir fengjust til starfseminnar. Í lok árs 2017 lá fyrir samningur frá mennta– og menningarmálaráðuneyti um starfsemi HANDVERKS OG HÖNNUNAR vegna 2018 – 2020, og þar var gert ráð fyrir fjárveitingu upp á 14.8 M á ári en tímabundið viðbótarframlag 6 M vegna 2018. Þessi samningur dugar fyrir 2018 en leysir ekki rekstrar- og fjárhagsvanda HANDVERKS OG HÖNNUNAR til framtíðar. Samningurinn var ekki undirritaður 2018 og liggur hann ennþá hjá fjármálaráðuneytinu en greiðslur voru samkvæmt þessum samningi 2018.

Vegna þessa var starfsumhverfi HANDVERKS OG HÖNNUNAR í lagi 2018. Óöryggið er þó algert næstu tvö ár ef ekkert verður að gert. Starfsemi HANDVERKS OG HÖNNUNAR verður ekki haldið úti á nema aukinn stuðningur komi frá stjórnvöldum. Þessi óvissa hefur mikil áhrif á alla starfsemi verkefnis og þröngur fjárhagur síðustu ára hefur orsakað það að við höfum ekki getað haft frumkvæði að verkefnum. Framlag ríkisins til starfseminnar hefur því miður farið lækkandi og tilraunir til að afla styrkja í samfélaginu hafa ekki borið mikinn árangur. Alltof mikill tími starfsmanna fer í vinnu við að afla fjármuna á kostnað vinnu samkvæmt markmiðum starfseminnar.

Framlag ríkisins til starfseminnar hefur því miður farið lækkandi og tilraunir til að afla styrkja í samfélaginu hafa ekki borið mikinn árangur.

Flutningur í nýtt húsnæði

HANDVERK OG HÖNNUN hefur leigt húsnæði af Minjavernd frá 1998, í tvo áratugi, fyrst á Bernhöftstorfunni, svo í Aðalstræti 12 (2000-2007) og að lokum Aðalstræti 10, (2007-2017). Í október 2017 var gengið frá sölu Minjaverndar á Aðalstræti 10 til Reykjavíkurborgar. Það lá strax fyrir að starfsemi HANDVERKS OG HÖNNUNAR yrði að flytja en við fengum að vera áfram í nokkra mánuði meðan væri verið að skipuleggja breytingar á húsinu. Það var svo í ársbyrjun 2018 sem okkur var sagt að við þyrftum að fara sem fyrst. Eftir mikla leit og skoðun var ákveðið að þiggja gott boð frá Vivaldi ehf Eiðistorgi 15 á Seltjarnarnesi. Þar fengum við rúmgott

húsnæði á mjög ásættanlegu verði. Töluvert þurfti að gera við húsnæðið og fengum við það afhent í ferbrúar 2018.

Formleg opnun skrifstofunnar og opnun á litlu sýningarrými var í apríl 2018.

Skrifstofa og sýningarými HANDVERKS OG HÖNNUNAR, Eiðistorgi, Seltjarnarnesi

Fundir

Stjórnarfundir

Haldinn var einn formlegur stjórnarfundur á árinu, þann 13. september 2018. Stjórnarformaður og stjórnarmenn eru þó í reglulegu sambandi við skrifstofuna utan þessara formlegu funda. Stjórn þiggur ekki laun fyrir setu í stjórn HANDVERKS OG HÖNNUNAR, stjórn afsalaði sér launum 2010 þegar fjárframlag til verkefnisins var lækkað.

Ráðgjafafundir

Í stofnskrá HANDVERKS OG HÖNNUNAR er gert ráð fyrir tíu manna ráðgjafahópi sem á að vera stjórn og starfsmönnum stuðningur við að skipuleggja framtíðarverkefni. Ráðgjafafundirnir voru mikilvægir til að auka tengsl starfsfólks og stjórnar HANDVERKS OG HÖNNUNAR við grasrótina. Nú eru önnur tæki aðgengileg sem nota má á virkari hátt í þessu skyni. Viðhorfakannanir sem kosta mjög lítið eru aðgengilegar á alnetinu og þannig má ná til allra okkar skjólstæðinga en ekki bara tíu aðila. Kannanir af þessu tagi eru betri og ódýrari leið til að vera í virku sambandi við grasrótina. Niðurstöður allra kannananna og skýrslur sem gerðar hafa verið af eða fyrir HANDVERK OG HÖNNUN eru birtar á vefnum.

Nú eru önnur tæki aðgengileg sem nota má á virkari hátt í þessu skyni. Viðhorfakannanir sem kosta mjög lítið eru aðgengilegar á alnetinu og þannig má ná til allra okkar skjólstæðinga en ekki bara tíu aðila.

Sjá: http://www.handverkoghonnun.is/is/um-handverk-og-honnun/skyrslur

Þjónusta

Fréttabréf

Fréttir eru sendar í tölvupósti 4 sinnum í mánuði til tæplega 1200 manns. Í fréttabréfinu eru öll verkefni HANDVERKS OG HÖNNUNAR vandlega kynnt. Þar er einnig vakin athygli á námskeiðum, sýningum, fyrirlestrum og ýmsu öðru sem er áhugavert fyrir okkar umbjóðendur. HANDVERK OG HÖNNUN heldur einnig úti fésbókarsíðu og fylgjendur hennar eru nú 4.331. Fylgjendur á Instagram eru 837.

Ráðgjöf og fyrirlestrar

HANDVERK OG HÖNNUN á eftir langt starf mikið myndefni og þar hefur einnig safnast mikil þekking. Átak var gert síðustu ár að safna kerfisbundið upplýsingum um handverk og listiðnað um allt land. Þetta átak var unnið í samstarfi við menningarfulltrúa, nýsköpunarmiðstöðvar, þróunarfélög, klasasamstarf og atvinnuráðgjafa. HANDVERK OG HÖNNUN er með tengslanet um allt land. Haldir voru tveir fjölsóttir fyrirlestrar á árinu 2018, 18. janúar var fundað í Grindavík og 19. mars var fundað á Sauðfjársetrinu á Ströndum, Sævangi við Steingrímsfjörð.

Þjónusta við gerð kynningarefnis

HANDVERK OG HÖNNUN hefur undanfarin ár aðstoðað fólk við gerð kynningarefnis. Á árinu 2018 voru sett upp og prentuð samtals 32.000 þúsund kynningarkort fyrir starfandi handverks- og listiðnaðarmenn og hönnuði. Það fæst töluverð hagræðing með þessu móti og kynningarkortin eru mun ódýrari þegar mikið magn er prentað saman.

Sýnishorn af kortum

Sýningar

Sýningarrými á Eiðistorgi

Á Skörinni í Aðalstræti 10 var lítill sýningarsalur, þar voru haldnar margar sýningar. Í nýju húsnæði á Eiðistorgi er einnig möguleiki á sýningum. Haldnar voru þrjár sýningar á árinu 2018.

18.04.18 - 28.05.18

ÞOLMÖRK - Leirlistarsýning Emblu Sigurgeirsdóttur.

Á sýningunni mátti sjá hvernig Embla hefur leyft sér að taka mistök sín skrefinu lengra. Hún brýtur verk sín niður að grunni til þess að reisa þau upp aftur með nýrri sýn og þekkingu á eigin ferðalagi sem ávannst með því að taka efni og aðferðir alla leið að endamörkum.

12.07.18 - 25.10.18

AGUSTAV – Íslensk húsgögn, hönnun og framleiðsla

AGUSTAV er húsgagnahönnunar- og framleiðslufyrirtæki starfrækt á Íslandi, það er rekið af hjónunum Gústavi Jóhannssyni og Ágústu Magnúsdóttur. Allar vörur AGUSTAV, stórar sem smáar, eru hannaðar og smíðaðar af ástríðu fyrir vönduðu handverki og tímalausri hönnun.

07.11.18 - 04.01.19

HANDMÁLUÐ SILKISJÖL - Helga Pálína Brynjólfsdóttir sýndi síðan handmáluð silkisjöl. Hún útskrifaðist úr textíldeild Listiðnaðarháskólans í Helsinki, Finnlandi 1988. Hún kennir textílþrykk í Hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands og í Textíldeild Myndlistaskólans í Reykjavík. Sjölin á sýning-unni voru úr Habotai silki.

Þemasýningar

HANDVERK OG HÖNNUN hefur haldið fjölmargar sýningar undanfarin ár. Sýningarnar frá upphafi eru rúmlega áttatíu og sýnendur/þátttakendur eru tæplega sjö hundruð, víðs vegar af landinu.

FUGLAR

Sýning á Skriðuklaustri 24. mars til 22. apríl 2018

FUGLAR var páskasýning ársins 2018 á Skriðuklaustri og var hún samvinnuverkefni Gunnarsstofnunar og HANDVERKS OG HÖNNUNAR. Þar voru til sýnis fjölbreyttir fuglar úr leir, tré og pappír. Á sýningunni var kynnt bókin Fuglar sem Angústúra gaf út í fyrra og plaköt úr henni.

Sýnd voru verk eftir: Ágúst Jóhannsson, Ernu Jónsdóttur, Guðrúnu Gísladóttur, Hafþór Ragnar Þórhallsson, Hjörleif Hjartarson og Rán Flygenring, Margréti Þórarinsdóttur, Oddnýju Jósefsdóttur, Rósu Valtingojer, Smávinir/Láru Gunnarsdóttur og Úlfar Sveinbjörnsson.

Að auki var spilið Fuglafár eftir þær Birgittu Steingrímsdóttur og Heiðdísi Ingu Hilmarsdóttur á staðnum og gátu gestir spreytt sig á spilinu.

ENDALAUST

Sýning í DUUS safnahúsum Reykjanesbæ 30. ágúst - 5. nóvember 2018

Sýningin Endalaust var sýning á verkum 20 hönnuða og handverksfólks sem eiga það sameiginlegt að vinna með hráefni sem annars færi forgörðum. Hönnuðum sem eiga það jafnframt sameiginlegt að koma inn á því stigi hringrásarinnar að þeirra hlutverk er að gjörnýta hráefni.

Skapandi fólk þarf að vera í fararbroddi við að taka næstu skref til að snúa við þessari þróun og benda á nýjar lausnir við að gjörnýta það sem í dag kallast rusl.

Við lifum í miklu neyslusamfélagi. Á hverjum degi er hent miklu magni af hverskyns rusli og afgöngum. Ef litið er á ruslið sem spennandi hráefni er hægt að breyta þessu úr vítahring í hringrás. Hráefnið verður þá efniviður í nýja hluti í stað þess að vera íþyngjandi rusl. Þannig verður til endalaus hringrás.
Skapandi fólk þarf að vera í fararbroddi við að taka næstu skref til að snúa við þessari þróun og benda á nýjar lausnir við að gjörnýta það sem í dag kallast rusl.
Endalaust var samstarfsverkefni Listasafns Reykjanesbæjar og HANDVERKS OG HÖNNUNAR og var styrkt af Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Á sýningunni mátti einnig horfa á stuttmynd um efni og endurvinnslu sem Þráðlausar (þær Ragnheiður Stefánsdóttir og Margrét Katrín Guttormsdóttir) gerðu fyrir þessa sýningu en henni er ætlað að vekja fólk til umhugsunar um umhverfismál.

Sýningar

Sýnendur voru: AFTUR, Ásta Vilhelmína Guðmundsdóttir, Ásthildur Magnúsdóttir, Dögg Guðmundsdóttir, Flétta og Steinunn Eyja Halldórsdóttir, Friðbjörg Kristmundsdóttir, Guðrún Borghildur Ingvarsdóttir, Handaband, Helga Ragnhildur Mogensen, Kristín Sigfríður Garðarsdóttir og Áslaug Snorradóttir, Magna Rún, Olga Bergljót, Ólöf Erla Bjarnadóttir, Studio Portland, Studio Trippin, Unnur Karlsdóttir - Ljósberinn, USEE STUDÍO, Vala Sigþrúðar Jónsdóttir, Ýrúrarí og Þráðlausar. Sýningarstjóri var Ragna Fróða.

Í tengslum við sýninguna voru haldnar tvær vinnustofur fyrir almenning dagana 15. sept. (Handaband) og 6. okt. (Þráðlausar). Báðar vinnustofurnar voru vel sóttar.

Sýningin var jafnframt skólasýning allra grunnskóla í Reykjanesbæ haustið 2018 og var stuttmyndin sem Þráðlausar gerðu notuð sem innblástur fyrir nemendur. 23 skólabekkir úr grunnskólum Reykjanesbæjar komu á sýninguna.

Aðsókn á sýninguna var mjög góð alls sáu 16.826 sýninguna, sýningardagar voru 66 talsins.

ShiftED

15. - 19. mars 2018 – Hönnunarmars

Verkefnið/sýningin Shift 2017 var hugsuð sem hvatning fyrir nýjar hugmyndir og ný sjónarmið. Verkefnið stefndi saman skoskum og íslenskum hönnuðum til að tala saman, kynnast og að lokum til að vinna með hvert öðru.

Úr því samstarfi varð sýningin ShiftED til með nýjum verkum 11 hönnuða. Verkin voru unnin sérstaklega fyrir HönnunarMars 2018 og voru sýnd þá í stórum sýningarsal í Aðalstræti 10. Sýningarstjórar voru Carol Sinclair og Pamela Conacher.

Samstarf Agustav og Yellow Broom (ljósm. Lilja Jónsdóttir)

Skoskir hönnuðir

Diggory Brown/Netty Sopata, fatahönnun
Julia Smith keramik
Yellow Broom/Clare Waddell og Dave Robson, ljóshönnun
Lucy Woodley skúlptúr
Jen Deschenes textíll

Íslenskir hönnuðir

Agustav/Ágústa Magnúsdóttir og Gústav Jóhannsson, húsgagnahönnun
Arndís Jóhannsdóttir, söðulsmiður og hönnuður

Guðný Hafsteinsdóttir, keramik
Ýrúrarí/Ýr Jóhannsdóttir, textíll

Verkefnið ShiftED var unnið í samstarfi skosku samtakanna Emergents í Skotlandi og HANDVERKS OG HÖNNUNAR.

Samstarf Arndísar Jóhannsdóttur og Diggory Brown (ljósm. Lilja Jónsdóttir)

Verk eftir Lucy Woodley (ljósm. Lilja Jónsdóttir)

Verkefni

AWARD OF EXCELLENCE 2018

Viðurkenning fyrir handverk og hönnun úr íslenskum sauðfjárafurðum.

Helstu verkefni *Icelandic lamb* snúa að markaðssetningu til erlendra ferðamanna á Íslandi og inn á sérvalda markaði í útlöndum. Þetta er m.a. gert með öflugri verðlaunaherferð á samfélagsmiðlum og samstarfi við um 150 aðila í veitingarekstri, verslun, hönnun og fleiru. Tilgangurinn er að stuðla að því að íslenskum sauðfjárafurðum sé skapaður veglegur sess með sérstöku merki til að auðkenna íslenskar sauðfjárafurðir með tilvísun til uppruna, gæða, hreinleika og sérstöðu.

Þetta var í annað sinn sem þessi viðurkenning er veitt fyrir handverk og hönnun úr íslenskum sauðfjárafurðum, en verður vonandi framvegis árviss viðburður.

Fjögurra manna dómnefnd valdi handhafa viðurkenninganna að þessu sinni. Í henni sátu Emma Eyþórsdóttir dósent við Landbúnaðarháskóla Íslands, Sunneva Hafsteinsdóttir framkvæmdastjóri HANDVERKS OG HÖNNUNAR, Rúna Thors fagstjóri vöruhönnunar við Listaháskóla Íslands og Ninja Ómarsdóttir verkefnastjóri hjá *Icelandic lamb*.

Ráðuneytisstjóri Ásta Magnúsdóttir í mennta-og menningarmálaráðuneytinu afhenti verðlaunin þann 21. nóvember þar sem Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálráðherra forfallaðist á síðustu stundu. Afhendingin fór fram við listamiðstöðinni Mengi í Reykjavík.

Viðurkenningin er veitt af markaðsstofunni *Icelandic lamb* til samstarfsaðila er þykja hafa skarað fram úr í hönnun og handverki úr sauðfjárafurðum. Fyrr á árinu voru veittar sambærilegar viðurkenningar til veitingastaða.

Handhafar AWARD OF EXCELLENCE 2018

Anna Þóra Karlsdóttir, Guðrún Bjarnadóttir, Philippe Ricart, Uppspuni (Hulda Brynjólfsdóttir og Tyrfingur Sveinsson) og YARM (Erla Svava Sigurðardóttir).

Heimasíður vinningshafa:
Anna Þóra Karlsdóttir: www.athkarls.com/annathora
Guðrún Bjarnadóttir: www.icelandcolors.com
Philippe Ricart: www.facebook.com/philippe.ricart.1
YARM: http://yarm.shop
Uppspuni: www.uppspuni.is

Kynning í Ráðhúsi Reykjavíkur

Sýningar/kynningar HANDVERKS OG HÖNNUNAR í Ráðhúsi Reykjavíkur sem haldnar hafa verið síðan 2006 hafa heppnast mjög vel. Áhugi á þeim hefur verið mjög mikill frá upphafi. Þetta stefnumót handverksfólks og hönnuða við áhugafólk um hönnun og handverk er að mati þeirra sem taka þátt mjög mikilvægt. Þessi fullyrðing er byggð á viðhorfakönnun sem HANDVERK OG HÖNNUN hefur gert á hverju ári í kjölfar sýninganna. Gerðar eru miklar gæðakröfur til þeirra sem sýna og fagleg valnefnd hefur alltaf valið þátttakendur úr fjölda umsókna fyrir hverja sýningu.

Frá sýningunni 2018

Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur 22.- 26. nóv. 2018

Umsóknir um þátttöku voru fjölmargar að venju. Sýningin í nóvember var sú átjánda í röðinni. Eftir starf valnefndar voru 55 þátttakendur valdir. Ákveðið var að endurhanna sýningarrýmið töluvert eins og oft áður og tókst það afar vel og var það mál manna að rýmið virkaði mun betur en áður. Töluvert var fjallað um sýninguna og sýnendur í fjölmiðlum. Aðsókn að þessum viðburði var að venju mjög mikil. Þessar kynningar/sýningar hafa fyrir löngu skipað sér sess í menningarlífi Reykjavíkur. Gerð var viðhorfakönnun hjá þátttakendum og er

hún birt á vef HANDVERKS OG HÖNNUNAR og úrdráttur úr henni fylgir þessari skýrslu (bls. 24). Mikil umferð er um vef HANDVERKS OG HÖNNUNAR í tengslum við sýningarnar í Ráðhúsi Reykjavíkur. Mörg dæmi eru um það að einstaklingar sem búa utan Reykjavíkur skapi sér verkefni til margra mánaða á þessari sýningu.

Kynning í Ráðhúsi Reykjavíkur

Frá sýningunni í nóvember 2018

Skúlaverðlaunin 2018

Skúlaverðlaunin 2018 voru afhent í lok fyrsta opnunardags sýningarinnar í Ráðhúsinu. Guðný Hafsteinsdóttir keramiker og hönnuður hlaut Skúlaverðlaunin 2018. Guðný hannar undir merkinu Gudnyhaf. Verðlaunin hlaut hún fyrir tappa í flöskur sem kallast "Beware" og eru ísbjarnarhöfuð úr steyptu postulíni. Tapparnir eru kóníski og ganga því í alls konar flöskur. Þessi tappi er númer tvö hjá Guðnýju en hún hefur áður gert kött sem tappa en ísbjörninn er nýr. Í öskjunni sem fylgir er fróðleikur um ísbirni. Flöskurnar eru endurunnar og Guðný lætur sandblása á þær munstur sem hún hannar.

Skúlaverðlaunin eru styrkt af Samtökum iðnaðarins og var það Guðrún Birna Jörgensen frá SI sem afhenti verðlaunin, þar sem Sigurður Hannesson forfallaðist á síðustu stundu.

Allir sem valdir voru til þátttöku í sýningunni gátu tilkynnt til HANDVERKS OG HÖNNUNAR nýja vöru í verðlaunasamkeppni um besta nýja hlutinn. Skilyrðin voru að hlutirnir máttu hvorki hafa verið sýnis né sölu opinberlega fyrir sýninguna í Ráðhúsinu. Tæplega tuttugu tillögur bárust og dómnefnd skipuðu Kristín Sigfríður Garðarsdóttir keramik hönnuður og Elísabet Jónsdóttir grafískur hönnuður.

Verðlaunin eru kennd við Skúla Magnússon fógeta sem var frumkvöðull smáiðnaðar í Reykjavík.

Vefur HANDVERKS OG HÖNNUNAR 2018

Vefurinn www.handverkoghonnun.is var fyrst opnaður árið 2000. Gerðar voru grundvallarbreytingar á vef HANDVERKS OG HÖNNUNAR árið 2016, þegar viðbótarfjármunir fengust. í október það ár var nýr vefur opnaður. Vefurinn var unnin í samvinnu við Stefnu, Akureyri. Vefurinn var endurhannaður að fullu og mikil áhersla lögð á að efla myndræna framsetningu. Stöðugt er unnið að endurbótum og að bæta nýju efni inn á vefinn sem er starfseminni mjög mikilvægur.



Erlent samstarf

NNCA hélt tvo fundi árið 2018, í Osló í maí og í Helsinki í október.

HANDVERK OG HÖNNUN er í norrænu samstarfi NNCA – Nordic Network of Craft Associations sem stofnað var árið 2010 á Bornholm. Nokkrir fundir voru haldnir þar sem HANDVERK OG HÖNNUN var boðið að taka þátt en vegna fjárhagsstöðu gátum við ekki tekið þátt í þessum fundum. En í janúar 2013 var HANDVERK OG HÖNNUN boðið til Osló á málþing og þá var skrifað undir samstarfsyfirlýsingu. Síðan þá höfum við verið virkir samstarfsaðilar. NNCA er skipað Danske Kunsthåndværkere (DK), Konsthantverkscentrum (SE), HANDVERK OG HÖNNUN (IS), ORNAMO (FI) og Norwegian Crafts (NO). Þessi samtök vinna mikilvægt starf í að styrkja stöðu og kynna norrænt listhandverk heima og heiman.

NNCA fékk til norrænan styrk til að funda á níu mánaða fresti næstu 3 árin, þ.e. 2016-2018. Tveir fundir voru haldnir árið 2018, í Ósló í maí og Helsinki í okóber.

Þátttakendur í fundunum 2018 voru:
Agnieszka Knap, Konsthantverkscentrum, Svíþjóð
Elisabeth Sörheim, Norske Kunsthåndverkere, Noregur
Helle Bjerrum, Danske Kunsthåndværkere & Designere, Danmörk
Helle Severinsen, Danske Kunsthåndværkere & Designere, Danmörk
Marit Lønning Reiten, Norske Kunsthåndverkere, Noregur
Sunneva Hafsteinsdottir, HANDVERK OG HÖNNUN, Ísland
Tonje Kjellevold, Norske Kunsthåndverkere, Noregur
Hege Henriksen, Norwegian Crafts
Anna Rikkinen, Ornamo, Finnland.

Miisa Pulkkinen, Ornamo, Finnland.
Mari-Louise Franzén, Konsthantverkscentrum, Svíþjóð
Lindamarie Karlson, Konsthantverkscentrum, Svíþjóð

HANDVERK OG HÖNNUN í tölum 2018

Stofnfélagar sjálfseignarstofnunarinnar HANDVERKS OG HÖNNUNAR eru: 203

Fastir starfsmenn eru: 2

Fyrirlestrar og kynningar HANDVERKS OG HÖNNUNAR: 2

Samsýningar HANDVERKS OG HÖNNUNAR: 3

Fjöldi samsýningardaga HANDVERKS OG HÖNNUNAR á árinu: 102

Fjöldi þátttakenda í samsýningum HANDVERKS OG HÖNNUNAR: 46

Gluggasýningar/kynningar á Eiðistorgi: 3

Fjöldi sýningargesta á árinu: 18.000*

Fjöldi einstaklinga sem skráðir eru á póstlista: 1.109

Fjöldi fréttabréfa HANDVERKS OG HÖNNUNAR á árinu: 51

Vinir HANDVERKS OG HÖNNUNAR á Fésbók: 4.330

Fylgjendur á Instagram: 838

Sýningar/kynningar í Ráðhúsi Reykjavíkur á árinu: 1

Fjöldi þátttakenda í sýningum/kynningum í Ráðhúsi Reykjavíkur: 56

Fjöldi kynningardaga í Ráðhúsi Reykjavíkur: 5

Fjöldi gesta á kynningu í Ráðhúsi Reykjavíkur: 25.000*

*áætlaðar tölur

Lokaorð

Í lok desember 2017 voru lögð fram lokadrög að samningi til 3ja ára frá mennta- og menningarmálaráðuneyti um starfsemi HANDVERKS OG HÖNNUNAR. Þar er gert ráð fyrir fjárveitingu upp á 14.8 M á ári næstu ár en tímabundið viðbótarframlag 6 M vegna 2018. Undanfarin þrjú ár þ.e. 2015, 2016 og 2017 hefur starfseminni verið bjargað af ríkisstjórn Íslands með sérstöku 6 M framlagi af ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar. Þessi drög að samningi duga fyrir 2018 en leysir ekki rekstrar- og fjárhagsvanda HANDVERKS OG HÖNNUNAR næstu tvö ár þ.e. 2019 og 2020.

Þessi óvissa um framtíð HANDVERKS OG HÖNNUNAR ár eftir ár er ekki boðleg og hefur mikil áhrif á alla starfsemina. Stjórn vekur athygli á því að starfsemi HANDVERKS OG HÖNNUNAR hefur nýst mörg hundruð manns um allt land. Fjölmargir einstaklingar fengið ráðgjöf í tengslum við gæðamál, vöruþróun, verðlagningu og markaðsmál. HANDVERK OG HÖNNUN hefur staðið fyrir fjölmörgum atvinnuskapandi verkefnum sem eru grasrótinni mjög mikilvæg, ekki síst sem tæki til stuðnings litlum einstaklingsfyrirtækjum um allt land. Stjórn vekur líka athygli á því að yfir 90 % af starfandi handverks og listiðnaðarfólki eru konur.

Seltjarnarnesi 27.02 2019



Sunneva Hafsteinsdóttir

Fylgiskjal 1

Niðurstöður viðhorfskönnunar

Hér birtast niðurstöður könnunar sem gerð var meðal þátttakenda í sýningunni HANDVERK OG HÖNNUN Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR sem haldin var 22.-26. nóvember 2018. Þátttakendur voru 55.

Könnunin var framkvæmd dagana 30. nóv. - 10. des. 2018. Svörun var mjög góð en alls svöruðu 85% könnuninni.

1. Hefur þú áhuga á að sækja aftur um að taka þátt í sýningunni *Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur*?



2. Sýningin *Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur* var nú haldin í átjánda sinn. Hve oft hefur þú tekið þátt?



3. Að þínu mati, hver er ávinningurinn af þátttöku í sýningunni *Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur*? (hægt að merkja við fleiri en einn svarmöguleika)



4. Framboð vöru. Hakaðu í það sem við á:



5 Ert þú meðlimur í einhverju eftirtalinna fagfélaga: Arkitektafélagi Íslands, Félagi húsgagna og innanhússarkitekta, Félagi íslenskra teiknara, Fatahönnunarfélagi Íslands, Félagi vöru- og iðnhönnuða, Félagi íslenskra gullsmiða, Leirlistafélagi Íslands eða Textílfélaginu?



6. Lögð var áhersla á að þátttakendur hefðu frumkvæði að því að kynna sýninguna. Hvað gerðir þú til að kynna þig og sýninguna? Hér var hægt að merkja við fleiri en einn svarmöguleika.



7. Á sýningunni lagði ég áherslu á að kynna nýjar vörur.



8. Mér fannst opnunartími sýningarinnar:







9. Einn stærsti kostnaðarliður sýningarinnar er prentaður kynningarbæklingur en kostnaður við prentun og dreifingu er um 2,6 M (prentuð eru 87.000 eintök og dreift á höfuðborgarsvæðinu og í nærliggjandi byggðum).

Finnst þér koma til greina að sleppa prentuðum bæklingi?



10. Unnið er markvisst að því að markaðssetja sýninguna fyrir erlenda ferðamenn. Sýningin er skráð inn á alla viðburðavefi fyrir ferðamenn í Reykjavík með góðum fyrirvara. Einnig voru prentuð auglýsingaspjöld á ensku sem dreift var í upplýsingamiðstöðvar og á hótel í Reykjavík.

Voru erlendir ferðamenn meðal viðskiptavina þinna á sýningunni?



Þeir sem svöruðu 10. spurningu játandi (76%) voru beðnir að tilgrein hve stór hluti heildarveltu hefði verið sala til erlendra aðila?



11. Er eitthvað sem þú vilt taka fram að lokum?

- Væri flott að sleppa mánudeginum
- Takk fyrir
- Að skoða betur hvað annað er í gangi á höfuðborgarsvæðinu um á sama tíma og hugsanlega færa viðburðinn til ef margt er í boði.
- Ekkert
- takk :)
- frábær sýning :)
- Frábær og skemmtileg sýning, en tímasetningin finnst mér vera of seint á árinu. Miklu betra að kynna handverk og hönnun fyrr í nóvember eða lok okt.
- Þökkum til skipuleggjanda. Og ánægju með opnunartímann.
- Bara frábært hjá ykkur og halda áfram. Takk fyrir allt saman.
- Í ár fannst mér sýningin sérlega flott í tilliti fjölbreytileikans og gæðanna á vörum. Sama sinnis voru fjölmargir gestir sem hrósuðu að fyrra bragði fjölbreytileika og gæðum sýningargripa
- Þið eruð dásamlegar, Sunneva , Fjóla og Drífa, hjálpsamar og þolinmóðar.
- Mér finnst að aðaláherslan eigi að vera á einyrkja og mjög smá fyrirtæki.

En hönnunarfyrirtæki með marga starfsmenn og sem selja í flestum verslunum landsins finnst mér ekki passa inn... . Vægið er svo ójafnt gagnvart hinum örsmáu fyrirtækjunum sem berjast í bökkum.
Þessi sýning er ómetanleg kynning fyrir einyrkja og smá fyrirtæki. Algjörlega einstök á þá vísu.

- Nei held ekki. Var bara ánægð með að vera þátttakandi og þakka fyrir gott skipulag.
- Er í SÍM, ekki boðið uppá þann valmöguleika í félagaupptalningu
- Fannst dreifingu á bæklingi ábótavant. Sýningin mætti vera sýnilegri í fjölmiðlum
- Alltaf jafn yndislegt að taka þátt og allt til fyrirmyndar, ánægð með opnunartímann (að byrja kl. 11) og einhvern veginn fór betur um básа og vörur.
- Mætti færa markaðinn um viku fyrr út af afsláttardögum á borð við Black Friday og Cyber Monday. Vorum vör við að það voru mun færri gestir á sýningunni nú í ár en áður og margir töluðu um þessa tilboðsdaga. Erfitt að keppa við verslanir á sama tíma í Ráðhúsinu. Tel mun vænlegra að vera viku fyrr.
- Takk fyrir frábæra sýningu - vel að þessu staðið eins og alltaf :)
- Hefði mátt auglýsa sýninguna betur og hafa merkingar til dæmis fyrir utan Ráðhúsið að sýningin væri þarna. Margir hafa sagt við mig að þeir hafi ekkert séð þetta auglýst og ekki vitað af þessu.
- Þetta var ofsalega skemmtilegt eins og alltaf! Takk fyrir mig!!
- nei
- Það þarf eitthvað að skoða dreifinguna à bæklingnum. Allt of margir höfðu ekki fengið hann inn um lúguna ì ýmsum hverfum.
- Takk kærlega fyrir frábæra sýningu. Alltaf svo gaman að fá að vera partur af allir þessari flóru af íslensku hönnun. Ofboðslega þakklát að verða fyrir valinu og vonandi getum við tekið aftur þátt eftir ár.

Fylgiskjal 2

Samantekt – helstu verkefni 2000-2018

Samsýningar: Frá árinu 2000 hefur HANDVERK OG HÖNNUN haldið 70 samsýningar, þar af 35 úti á landi og 39 í Reykjavík. Heildarfjöldi þátttakenda í þessum sýningum er rúmlega 600.

Sýningar og samstarfsverkefni erlendis: HANDVERK OG HÖNNUN hefur tekið þátt í fjölbreyttum sýningum og verkefnum erlendis (m.a. Skotlandi 2017, París 2015, Kaupmannahöfn 2014 og 2003, Bornholm 2008, 2010 og 2012, Silpolen 2006 og Washington 2004 og Berlín 2000).

HANDVERK OG HÖNNUN í Ráðhúsi Reykjavíkur: Haldnar hafa verið 19 sýningar/kynningar í Ráðhúsi Reykjavíkur frá árinu 2006. Þátttakendur frá upphafi eru tæplega 400 talsins.

Fræðslustarf: HANDVERK OG HÖNNUN hefur haldið 48 fyrirlestra og fræðslu erindi um allt land. Boðið hefur verið upp á einstaklingsráðgjöf í tengslum við fundi og viðburði. Unnið í samvinnu við menningarfulltrúa, atvinnuráðgjafa, Þekkingarnet og fleiri.

Kannanir: HANDVERK OG HÖNNUN hefur gert kerfisbundnar viðhorfakannanir hjá umbjóðendum sínum í mörg ár. Allar þessar viðhorfakannanir eru birtar á heimasíðu HANDVERKS OG HÖNNUNAR.

Fréttabréf: HANDVERK OG HÖNNUN sendir út rafrænt fréttabréf einu sinni í viku allan ársins hring. Á póstlista eru skráðir 1145 einstaklingar.

Vefur: Ný vefur var opnaður 2016 og á honum eru mjög fjölbreyttar upplýsingar og umfangsmikið myndefni. Myndir og upplýsingar frá öllum sýningum og verkefnum á vegum HANDVERKS OG HÖNNUNAR og eru aðgengilegar á vefnum og því mjög mikilvæg heimild um handverk og listiðnað á Íslandi. Einnig er reynt er að kynna alla viðburði sem tengjast þessu sviði á vefnum s.s. sýningar, fyrirlestra, námskeið o.fl. Á vefnum eru ítarlegar upplýsingar um styrki, sýningarstaði, möguleika á vinnustofudvöl og menntunartækifæri á Íslandi og Norðurlöndunum. Vefurinn er á íslensku og ensku.

Upplýsingabanki: Í sérstökum gagnabanka á vef HANDVERKS OG HÖNNUNAR eru skráðir yfir 300 einstaklinga sem stunda handverk, listiðnað og hönnun á Íslandi.

Fylgiskjal 2

Myndræn skráning: HANDVERK OG HÖNNUN hefur frá árinu 2000 unnið markvisst að því að láta mynda framúrskarandi listhandverk og hönnun í tengslum við verkefni og sýningar. Hjá HANDVERKI OG HÖNNUN er nú til mjög góður myndabanki sem geymir margt af því besta sem gert hefur verið í handverki og listiðnaði á Íslandi frá aldamótum.

Erlent samstarf: HANDVERK OG HÖNNUN er í samtökunum NNCA (Nordic Network of Crafts Associations). Þessi samtök vinna mikilvægt starf í að styrkja stöðu og kynna norrænt listhandverk heima og heiman. Þessi samtök stóðu fyrir umfangsmikilli sýningu á norrænu handverki, listiðnaði og hönnun í Grand Palais í París 2015 sem styrkt var af norrænum menningarsjóðum. Undirbúningur er hafinn við stóra sýningu NNCA í Galleri F15 í Moss, Noregi 2020. Þetta samstarf hefur líka leitt til skipulagningar á öðrum smærri viðburðum. Hópurinn nýtur norrænna styrkja til að hittast á tíu mánaða fresti.

Útgáfa: HANDVERK OG HÖNNUN hefur kynnt íslenskt handverk, hönnun og listiðnað í bókum sem komu út árin 2006, 2008 og 2010. Hver bók var prentuð í 5000 eintökum og var dreift endurgjaldlaust í öll sendiráð, stofnanir, fyrirtæki, bókasöfn og fleiri staði.

Samfélagsmiðlar: HANDVERK OG HÖNNUN er á Facebook (4330vinir) og Instagram (835 fylgjendur) og nýtir þessa samfélagsmiðla til að auðvelda skjólstæðingum og öðrum áhugasömum að fylgjast með starfseminni og nálgast upplýsingar.